

AUGLÝSING

um

65

4. júlí

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitafélög, er hérmeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

um

Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu.

I. KAFLI.**ALMENN ÁKVÆÐI.****1. gr.**

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir Ytri-Akraneshrepp eins og hann er eða verður, og skal ákvæðum samþykktarinnar beitt að svo miklu leyti, sem við verður komið og heilbrigðisnefndin telur þörf á.

2. gr.

Hreppstjórinn (lögreglustjóri) er formaður heilbrigðisnefndar, auk hans eiga sæti í nefndinni héraðslæknir og einn maður er hreppsnefndin kys til þriggja ára. Hreppsnefndin skal hafa heimild til að skipa heilbrigðisfulltrúa, þá er meiri hluti hreppsnefndar og heilbrigðisnefndar telur þess þörf. Þá er heilbrigðisfulltrúinn er skipaður, skal hreppsnefnd setja honum erindisbréf, skal launa honum úr hreppssjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðisnefndar. Skylt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfundir.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á

- 65 missiri hverju. Nefndin skal halda fundarbók og innfæra í hana allar
4. júlí athugasemdir sínar og tillögur. Formaður skal annast um að fyrirskip-
unum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma álykt-
anir nefndarinnar, en skal tafarlaust skjóta málinu til hreppsnefndar.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissam-
þykktin sé haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt
að rannsaka allt það, sem ræðir um í samþykkt þessari, eða mikla þýð-
ingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða
einstakra manna eign. Einu sinni á ári hverju skal nefndin skoða eða
láta skoða allar húseignir á því svæði er samþykktin nær yfir. Allt það
er nefndin finnur aðfinnsluvert, skal hún innfæra í fundarbókina og
síðan skriflega skipa þeim, er í hlut á, fyrir um, hvað beri að gjöra
til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðar um-
bót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr hrepps-
sjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að
fé sé veitt í þessu skyni. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar
þrífnaðar umbætur án fengis samþykkis hreppsnefndar, ef brýna
nauðsyn ber til að þær séu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg
farsótt kemur upp í hreppnum. Skal þá svo fljótt sem hægt er, leggja
slík útgjöld undir samþykki hreppsnefndar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu og skal hann þá fela einhevrj-
um fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi, skal húsráð-
andi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til hús-
eignarinnar, sem annars hvíla á eiganda. Eigandi skal tilkynna heil-
brigðisnefnd hver sé húsráðandi.

II. KAFLI.

UM ALMENNT HREINLÆTI OG ÞRIFNAÐ.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á hreinsun torga og óbyggðra
lóða. Við höfnina og á almennafæri má enginn fleygja frá sér rusli,
hræjum, skólpi eða öðrum óhreindum. Í ræsi með fram götum

hreppsins má eigi kasta neinu því er stíflað getur vatnsrásina. Sorpi, 65
slori eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna við höfn kaup- 4. júlí
túnsins, né skilja þar eftir neitt það, sem valdið getur óhreinlæti eða
óhollustu. Skyldur er hver húsráðandi við götur hreppsins að láta
sópa allan lausan hroða af götunni fyrir framan hús sitt. Hey, svörð
eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur um göturnar,
er sá sem flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.
Annars eiga kláfar eða önnur ílát, sem áburður eða fiskúrgangur er
fluttur í að vera svo þétt og eigi fyllri en svo að ekki hrynji úr þeim
meðan á flutningnum stendur. Foraráburð má ekki flytja um götur
kaupþúnsins, nema í lokuðum ílátum. Mold, leifar, rusl og verkefni,
sem af húsbyggingum stafar, skal jafnóðum færa í burt svo ekki
valdi óhreinlæti.

Nú eru settir safnkassar eða safngryfjur á ýmsum stöðum í
kaupþúninu, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo,
að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa,
ef þeir eigi nota það sjálfir.

Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

8. gr.

Á húshliðar eða gafla eða girðingar, sem vita að götum, stræt-
um eða torgum má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neins-
konar fiskiföng eða annað, sem óprifnaður er að eða óþefur. Og ekki
má heldur hafa fisktrönur á almennafæri.

9. gr.

Skýlt er að halda hreinum portum og annari óbyggðri lóð í
kringum hús, og er það á ábyrgð eiganda að þessa sé gætt. Enginn
húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð
annars manns. Geri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja
óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað. Þar sem svo stendur á,
að skólpi verður eigi veitt frá húsum nema yfir annars manns lóð,
skal húseigandinn veita því í steinlímdu lokuðu ræsi yfir lóðina, og
annast um hreinsun þess ræsis einn saman, að svo miklu leyti, sem
hann eigi notar það í sameiningu við lóðareigandann. Verði hlutað-
eigendur ekki ásáttir um rennulagningu, sker hreppsnefnd úr málinu.
Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu út
í göturæsi, og sjá um að þau stíflist ekki.

10. gr.

Götur hreppsins og ræsi skal hreinsa á hreppsins kostnað svo
oft, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

65
4. júlí

III. KAFLI.

UM FRÁRÆSLU.

11. gr.

Þar sem eldhússkólpi eða þvottaskólpi verður ekki veitt í götu-ræsi eða til sjávar, má þó eigi láta það síga í jörð svo nærri íbúðar-húsum að hætta sé af því, að dómi heilbrigðisnefndar að jarðvegur-inn saurgist. Skal veita öllu skólpi burt frá húsinu í lokuðum ræsum, sem séu annaðhvort pípur úr brendum leir eða sementsteypu og skulu ræsin ná svo langt, sem heilbrigðisnefndinni þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi standi í þeim pollar.

12. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga á lóðum meðfram götunni, skyldir að gera skólpræsi, hver frá sínu húsi út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki miður gerð en göturæsið.

IV. KAFLI.

UM VATNSBÓL.

13. gr.

Þá er gera skal nýtt vatnsból eða breyta gömlu vatnsbóli skal jafnan leitað álits heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Vatnsveitur í hreppnum eru háðar umsjón og eftirliti heilbrigðisnefndar, bæði brunnarnir sjálfir og lindir þær, sem vatnið er leitt úr og leiðslupípurnar. Skal þess stöðugt gætt að vatnið sé heilnæmt. Bæði þessa brunna og öll önnur vatnsból, skal verja allskonar óhreinindum, og má ekki láta nærri þeim koma neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo nærri þeim, hvorki fatnað eða fisk, eða neitt það annað, sem getur valdið óheilnæmi.

Þar sem fleiri en eitt heimili nota vatn úr sama brunni getur heilbrigðisnefnd sett allar þær reglur, er henni þykir hlýða.

15. gr.

Brunna má eigi hafa nær haugum, safngryfjum eða salernum en svo að millibilið sé 10 metrar. Engan brunn má grafa eða breyta nema

í samráði við heilbrigðisnefnd. Brunnar og vatnsþrær skulu gerðar eftir fyrirsögn og kröfum heilbrigðisnefndar. 65
4. júlí

16. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós að vatnið sé skaðvænt og ekki er unnt að bæta úr því, skal bannað að hafa vatnið úr þeim brunni til neyzlu, sé því banni ekki hlýtt, skal eigandi skyldur að moka ofan í brunninn og fylla hann svo að engu vatni úr honum verði náð.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fylla upp og afnema þau vatnsból, sem hún telur vera mjög varasöm og óheilnæm, nema gert sé við þau viðunanlega.

V. KAFLI.

PENINGSHÚS OG ÁBURÐARGRYFJUR.

17. gr.

Heilbrigðisnefndin getur bannað að hafa stórgripi og sauðfé í íbúðarhúsum manna eða byggingum, sem eru áfastar við íbúðarhús.

18. gr.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir um, hvar peningshús, haugstæði, haughús eða forir megi vera, og má enginn gera þau að nýju nema hann hafi fengið samþykki heilbrigðisnefndarinnar til þess og hlíti hennar fyrirmælum um frágang og tilhögun á þeim. Peningshús og haugstæði, sem eldri eru en þessi samþykkt, getur heilbrigðisnefnd heimtað að séu færð úr stað eða þeim breytt, ef að þeim er mikill óþrifnaður. Forir má því aðeins leyfa, að þær séu gerðar lagarheldar með steinlími og veggirnir minnst 25 sm. upp úr jörðu, og yfir þeim sé svo sterkur hleri, að mönnum og skepnum sé engin hættu af þeim.

VI. KAFLI.

UM SALERNI.

19. gr.

Sérhverju húsi skal fylgja salerni og skal það vera með eins mörgum klefum eins og býli eru mörg í húsinu, þó má heilbrigðis-

- 65** nefnd veita undanþágu frá þessu, ef henni þykir ástæða til þess.
 4. júlí Salernið skal þannig gert, að gólfið sé steinsteyppt, eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring. Saurkassinn skal vera vatnsheldur og ná fast upp að setunni. Setu-umbúnaðurinn skal vera laus, og allt skal þannig útbúið, að sem auðveldast sé að sóttgreinsa salernið. Sé salernið úr steinsteypu, skal kalka eða mála það að innan.

20. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint og saur-ílátin skal tæma áður en þau fyllast. Hreppsnefndin getur látið greinsa salerni í hreppnum gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Greinsun salerna skal fram fara um nætur, frá kl. 12 til 5 frá 1. apríl til 30. sept., en á öðrum tímum árs frá kl. 9 síðd. til kl. 7 árd. Heilbrigðisnefnd skal segja til hvar megi láta saur úr salernum.

21. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og aðrir vinnuveitendur, skulu skyldir að reisa salerni til afnota fyrir viðskiftamenn sína og verkamenn og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim, undir eftirliti heilbrigðisnefndar. Öllum mönnum, hvort heldur eru íbúar kaupsins eða aðkomumenn, er skylt að nota salernið til þarfinda sinna, og varðar það sektum ef út af er brugðið.

VII. KAFLI.

UM SORP OG ÖNNUR ÓHREININDI.

22. gr.

Hverju húsi, sem ekki hefir safngryfju skal fylgja sorpkista úr málmi, og skal hún gerð að fyrirsögn heilbrigðisnefndar. Í þessar sorpkistur skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsum, og flytja burtu áður en ílátin fyllist.

Hreppsnefndin getur látið flytja burt ösku og rusl úr húsum gegn endurgjaldi frá húsráðendum, ef þeir vanrækja að flytja það sjálfir.

23. gr.

Fiskverkun og fiskþurkun skal fram fara á þeim svæðum, sem heilbrigðisnefndin ákveður til þess.

VIII. KAFLI.

65

4. júlí

UM IÐNAÐ, SEM ÓHOLLUSTA FYLGIR EÐA ÓÞRIFNAÐUR.

24. gr.

Á verzlunarlóðinni má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður nema heilbrigðisnefndin veiti leyfi til þess, skal allur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

25. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu vera háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu vinnufólksins.

Heilbrigðisnefnd ákveður í hvert skifti, hversu mikið loftrúm skuli ætlað hverjum vinnandi manni í þesskonar vinnustofum.

Gluggar skulu vera á hjörum, ef ekki er séð fyrir loftrás á annan hagkvæmari hátt. Gólf skal þvo daglega.

IX. KAFLI.

UM MATVÆLI.

26. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með því að ekki sé höfð á boðstólum vara, er sé svikin eða skemmd, eða skaðleg heilsu manna. Ef nefndinni þykir þörf, getur hún látið rannsaka alla matvöru, sem seld er, og skal greiða kostnaðinn við þá rannsókn úr hreppssjóði.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn, að einhver matvara er skemmd og ekki boðleg til manneldis, og skal nefndin þá auglýsa það opinberlega og vara almenning við að nota vöruna til manneldis. Sé varan svikin og skaðleg heilsu manna og skepna, getur nefndin bannað að selja hana að viðlögðum sektum. Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdauðum má ekki selja til manneldis eða nota til fæðu.

X. KAFLI.

UM SLÁTURHÚS OG KJÖTBÚÐIR.

27. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi fengið til þess skriflegt leyfi hreppsnefndar, og skal hún veita slíkt leyfi,

- 65 ef fullnægt er þeim ákvæðum um tilhögun á sláturhúsum, sem
4. júlí hér fara á eftir.

28. gr.

Sláturhús má ekki reisa annarsstaðar en þar, sem hægt er að að koma afrenslis til sjávar, eða í neðanjarðar götu-ræsi.

Gólfíð í húsinu skal vera steinsteypt, og skal það hafa halla að skólpopum, en frá skólpopum skal húseigandi gera ræsi neðanjarðar til sjávar eða í neðanjarðar götu-ræsi ef til er.

Veggir skulu vera kalkaðir, gluggar skulu vera á tveim hliðum mótsettum, og þá hægt að opna, svo að blásið geti í gegn um húsið. Hólfa skal húsið í tvennt að minnsta kosti. Í einu hólfinu skal drepa skepnurnar og gera til, í öðru hleypa úr innnyflum, skal vera sérstakt skólpop á gólfi í hverjum klefa. Fast við innnyfla-klefann skal vera vatnshelt gorílát eða gorgryfja, og skal hana gera á þann hátt er segir í 18. gr. um áburðargryfjur. Hafa skal vatnshana á hverjum klefa í húsinu og veita vatni að úr vatnsbóli eða vatnsíláti. Heilbrigðisnefnd getur fyrst um sinn leyft slátrunarhús, þó eigi fylgi öllum þessum ákvæðum. En slátrun má eigi fram fara utan húss.

29. gr.

Stíur, réttir eða port, sem sláturfé er geymt í, skulu vera flórlagðar. Ef sérstök ástæða er til, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að steinsteypa komi í stað flórs.

30. gr.

Ekki má hafa sláturhús, stíur, réttir eða port, sem sláturfé er geymt í, nær íbúðarhúsi eða vatnsbóli en nemi 10 metrum.

31. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því að sláturhús séu vel þrífín. Gólf skal skola hrein á hverjum degi, þá er slátrað er, jafnóðum og þau óhreinast. Gorgryfjur skal tæma jafnóðum og þær fyllast. Réttir skal nota daglega, þegar skepnur eru geymdar í þeim.

Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús. Öllum sullum, meinum og hausum af höfuðsóttarfé skal heilbrigðisnefndin láta eyða á þann hátt er lög mæla fyrir.

Slátrarar skulu vera hreinlegir til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga.

Hreppsnefndin getur tekið slátrunarleyfi af hverjum þeim, er þrásinnis vanrækir þessi þrífnaðar fyrirsmæli.

32. gr.

65

Það er skylda hvers þess er slátrar nautum, hestum eða svínum, 4. júlí að ráðfæra sig við héraðslæknir, þegar grunur leikur á að einhver sjúkleiki finnist í kjöti eða innyflum dýranna, sem óttast má að valdi sjúkdómi á mönnum, ef neytt er.

33. gr.

Öllum sölubúðum þar, sem nýtt kjöt er haft á boðstólum, skal haga eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Í slíkum búðum má ekki hafa aðrar vörur en kjöt og matvæli, sem kjöt er haft í, reykt og niðursoðið fiskmeti, grænmeti, alls konar niðursoðnar vörur, egg og feitmeti, og skulu þær að minnsta kosti fullnægja þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, enda má ekki taka þær til afnota fyr en fengið er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar.

1. Gólf skal vera steinsteypt eða steinlagt, vatnshelt og á því skólpop og frá opinu skólpræsi.
2. Búðin skal eigi vera lægri en svo, að $2\frac{1}{2}$ metr. séu undir loft. Loft skal gipsa. Veggir skal fódra með gleruðum flögum, (ella rjóðra á þá vandaðri sementsblöndu).
3. Hafa skal í búðinni vatnshana og veita vatni að úr vatnsveitu eða vatnsíláti, birtu skal hafa sem mesta og loftrás í góðu lagi.
4. Á borðum sem kjöt er lagt á, skulu vera marmarahillur, flögu-steinsþynnur, zinkþynnur eða annað jafngott efni.
5. Nikkelhúð eða zinkhúð skal vera á öllum snögum.

34. gr.

Öll matvælagæði af kjöti (pýlsum, kæfu o. s. frv.), skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, ef selja á matvælin. Að því er húsnæði snertir, getur heilbrigðisnefnd heimtað þann útbúnað sem til er tekinn í 34. gr. 1.—5. lið.

35. gr.

Þeim mönnum, er sláttra til sölu eða selja kjöt, eða gera matvæli af kjöti til sölu, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá ákvæði 29., 31. og 34. gr.

XI. KAFLI.

UM MJÓLKURSÖLU.

36. gr.

Öll mjólkursala, sérstaklega á aðfluttri mjólk, skal háð eftirliti

- 65 heilbrigðisnefndar. og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá 4. júlí. heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla eða vissa er fyrir því að kýrnar eru veikar.

Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk, er selja skal.

Heilbrigðisnefndin getur og bannað mjólkursölu ef óþrífalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinkist.

XII. KAFLI.

BRAUÐGERÐARHÚS.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldir að hlýða fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir og þrífnað. Sama er um brauðsölubúðir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús eða setja bakaraborn í hús og byrja bakara iðn, fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hér segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott, loft og veggir skulu vera kalkaðir eða sements bornir, og gólf steinlímt eða hellulagt.

38. gr.

Í brauðgerðarhúsum skal gæta alls þrífnaðar. Tóbaksnautn er þar bönnuð. Allar stofur og klefa skal hreinsa að minnsta kosti einu sinni á dag. Veggir og loft skal kalkbera eða mála einu sinni á ári.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yzt klæða hvítar yfirhafnir, og skulu þær jafnan vera hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, en ekki mega þeir þvo sér í vinnustofunum.

Deig má ekki hnoða með fótunum. Þeir menn mega ekki vinna við brauðgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

XIII. KAFLI.

UM ÍBÚÐARHÚS.

39. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar. skulu vera svo gjörð, að unnt sé að halda þeim hreinum. Í hverju herbergi skal að minnsta kosti

einn gluggi vera á hjörum, sé ekki annar útbúnaður til loftræstingar, er heilbrigðisnefndin álitur nægja. 65
4. júlí

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt að búa í því, getur hún bannað það. Niðurgrafna kjallara undir húsum má ekki nota til íbúðar, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar.

40. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefndina eða nefndin verður vör við að herbergi í íbúðarhúsi, séu svo illa umgengin að sjúkdómshætta stafi af því, getur heilbrigðisnefnd heimtað af leigjanda eða eiganda að úr því sé bætt.

XIV. KAFLI.

UM SKÓLA.

41. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og í því miðju. Hver sá er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefndinni hvar hann ætlar að kenna.

42. gr.

Hver kennslustofa skal vera svo stór, að 2,5 teningsmetrar komi á hvern nemanda að minnsta kosti.

Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

43. gr.

Ef nemandi eða kennari hefir berklaveiki eða annan næman sjúkdóm og læknir álitur að um sóttnæmishættu sé að ræða, þá getur heilbrigðisnefndin bannað að nemandinn eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

XV. KAFLI.

UM NÆMA SJÚKDÓMA.

44. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp í hreppnum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari

- 65 fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og 4. júlí innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XVI. KAFLI.

UM SEKTIR OG FLEIRA.

45. gr.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með eins og almenn lögreglumál.

46. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það sektum frá 10—200 kr., er renna í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd vill heldur láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, þá er henni það heimilt á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

47. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp frá 1. janúar 1907.

48. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1930.

Þetta er hérmeð gert heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. júlí 1929.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.